


AUGLÝSING

um stofnun fólkvangs í Bökkvisstaðafjalli.

Að tillögu umhverfismálanefndar Dalvíkur og að fengnu samþykki bæjarráðs Dalvíkur hefur Náttúruverndarráð ákveðið að landsvæði í Bökkvisstaðafjalli verði lýst fólkvangur, sbr. eftirfarandi lýsingu, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Mörk fólkvangsins eru að vestan girðing frá egg fjallsins og niður í Brimnesá, u.þ.b. 1 km vestan við Selhól. Að sunnan girðing nærri merkjum Bökkvisstaða og Hrafnstaða og til fjalls. Að austan mörk byggðarinnar samkvæmt aðalskipulagi og að norðan fylgja mörkin núverandi gilvegi og í Brimnesá.



Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn:

1. Gangandi fólk er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
2. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu nema yfir rjúpnaveiðitímamann.
3. Notkun berjatína er bönnuð á svæðinu.
4. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
5. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins enda verður svæðið innan fjárheldrar girðingar.
6. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.
7. Hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs hverju sinni.
8. Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
9. Umhverfismálanefnd Dalvíkur fer með stjórn og eftirlit fólkvangsins.
10. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfismálanefndar Dalvíkur og Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytið, 29. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992.

1. gr.

Í fyrrsögn VI. kafla falla niður orðin „og dómsgerðir“.

2. gr.

Í 3. mgr. 15. gr. falla niður orðin „sbr. þó 4. mgr.“

4. mgr. 15. gr. fellur niður.

3. gr.

17. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 121 22. mars 1993, fellur niður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 18. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 37 19. apríl 1994 og 15. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, sbr. lög nr. 38 19. apríl 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.